

1. MAÍ

1. MAÍ, baráttudagur verkalyðsins, hefir jafnan skipað sérstakan sess í huga mínum. Allt frá æskuárum hefir mér fundist að hann væri einstakur og krefðist athafna og virðingar.

Þegar ég varð þess vís að Sjónvarpið ætlaði ekki að minnst 1. maí hátíðisdags verkalyðsins og Útvarpið sýndi engan áhuga á því að láta keflið ganga hönd í hendi og flytja þátt, sem fjallaði um einn merkasta atburð í sögu reykviskrar verkalyðsbaráttu, Kola-garðsbardagann eða Blöndalsslaginn sumarið 1923, kom í hugann að nú væru liðin 60 ár frá því að Maistjarnan, ljóð Halldórs Laxness birtist á prenti. Morgunblaðið væri kjörinn vettvangur til þess að minnst þeirra tíma-móta. Þar væri á vísan að róa. Mér hefði jafnan reynst happadrjúgt að leita til ritstjóra þess. Gilti einu hvort um væri að ræða Matthías skáld Johannessen eða Styrmí hinn fróða Gunnarsson. Þeir höfðu jafnan tekið vel beiðni minni um rúm í blaði sínu þótt viðfangsefnin væru með ýmsum hætti andstæð stefnu þeirra. Þeir félagar eiga heiður skilinn fyrir frjálslýndi sitt og víðsýni í ritstjórnarstefnu. Þess vegna dafnar Morgunblaðið. Þjóðviljinn lét lífið vegna ofstækis og „Æðsta ráðið“ hafði alltaf rétt fyrir sér. Einstefnu-ritstjóri hans neitaði um birtingu greina, sem honum féllu ekki, en bauð mönnum uppá stefnumót í kirkjugarðinum við Suðurgötu.

Matthías Johannessen fullvissaði mig um að Morgunblaðið tæki grein til birtingar á degi Maistjörnunnar.

Þegar til átti að taka og sækja í bókasafn frumprentun ljóðsins vandaðist málið. Ekkert blað frá því herrans ári 1937 hafði birt kvæðið. Var þó gerð ítarleg leit með góðfúsri aðstoð fjölda bókaavarda. Svo kom í ljós að ljóðið birtist hinn 1. maí 1936, ári fyrr en sagt var í athugasemdum Kvæðakversins. Það var prentað á aftari kápustíðu Rauða fánans, mál-gagns Félags ungra kommúnista undir fyrirsögninni Seinasti apríl. Höfundar er ekki getið en blaðið birtir viðtal við Halldór Kiljan Laxness og mynd af skáldinu með alþáfu á höfði og reykjarpípu í munni. Í viðtalinu ræðir Halldór um kjör æskulyðsins og stéttaskiptingu. Honum verður tíðrætt um stéttabjódfélagið og ranglæti sem það leiði af sér. Hann vill að „gæði jarðarinnar séu hagnýtt í þágu fólksins“. „Í ríki sósíalísmans verður ekki spurt að því, hvort að verkamenn vinni að framleiðslunni einn tíma á dag eða átta, heldur hvort allir hafi gnægðir þarfa og þæginda, andlegra og líkamlegra.“

Ekki 60 ár heldur 61

Í Kvæðakveri Halldórs Laxness eru prentaðar upplýsingar um tilefni og birtingartíma ljóðanna í bókinni. Þar segir: „Maistjarnan, ort að mig minnir rétt fyrir 1. maí 1937 og prentað nafnlaust á kápu æskulyðsblaðs þann dag.“

Samkvæmt þessum upplýsingum voru 50 ár liðin frá birtingu Maistjörnunnar 1. maí 1987. Til þess að minnst þess að hálf öld var liðin síðan ljóðið var kveðið. Það líða þrjú ár og gott betur. Nærfellt misseri að auki þar til Halldór fellir ljóð sitt, sem hann hafði nefnt Seinasti apríl, inn í Hús skáldsins. Þá er það Ímynd Frelsisins.

„Um kvöldið sat skáldið einn uppi í húsi sínu endurreistu, nýr maður, en heitkonan sofnuð, og renndi hugarum yfir viðburði dagsins. Eftir tvo daga átti að grafa dóttur hans, og um leið og rekunum væri kastað – hvað mundi þá binda hann framar þessu auma húsi sem í nótt eð leið hafði verið svipt ofan af höfði hans? Það gekk á með kornéljum og rofaði til og sá í græna heidríkju; og hann sá eina stjörnu skína. Hann lokar augunum, en án þess að tíma að sofa, og finst þessi stjarna stíga ofan af himnum niður til sín, og milli svefns og vöku heyrir hann dansandi fótatak hennar fyrir utan, blandið endurminningunni um sögulegan þys hins umliða dags og við tónlist sem lifur fram í ángurværum yndisþokka heyrir hann djúpt í barmi sínum kvæði súngið um hana sem hann nefnir Ímynd Frelsisins.“

Alþjóðareign

Maistjarnan, ljóð Halldórs Laxness, sem hann birtir í Húsi skáldsins, þriðja bindi hins mikla ritverks um Ólaf Kárasón Ljósavíking, er eitt kunnasta ljóð Halldórs og hefir í rás tímans orðið þjóðinni hjartfólgið. Kvæðið er alþjóðareign, hafið yfir kynslóðabil. Efst einhver um þá staðhæfingu fæst sönnun þeirrar fullyrðingar með því að heimsækja dagheimili eða leikskóla og biðja börnin, sem þar dveljast, sum hver allt frá 5 ára aldri, að syngja Maistjörnuna. Það bregst ekki að þeim tilmælu-um er vel tekið og fyrr en varir óma skærar barnaraddir, sem syngja um vorhret á glugga. Að vísu kunna þau að ruglast dálítið í rímorðunum „hvín“ og „skín“, en það spillir engu. Stjarnan og maísólin brjóta sér leið og sigrast á erfiðum tímum og atvinnuþreffi. Innlifun ungu söngvaranna og einlægnin, sem ljómar af ásjónum þeirra minnir helst á helgimyndir. Um allanlt skeið ómaði söngur barnanna



SÖGUFRÆG kröfuganga sem í má þekkja marga þjóðkunna borgara frá fyrri tíð.

Þetta hefur maður nú ekki verið lengi að yrkja

Um þessar mundir er liðið 61 ár frá því að Halldór

Laxness orti Maistjörnuna sem hann kallaði þá

Seinasti apríl og birti án höfundarnafns. Pétur

Pétursson rifjar upp heimsókn í Gljúfrastein, þar

sem leitað var fregna hjá skáldinu um Maistjörnuna.

í útvarphúsinu við Efsta-leiti. Dagheimili og leikskólar Reykjavíkurborgar sóttu það fast að fá að koma í heimsókn í hús Ríkisútvarpsins og fræðast um starfsemi stofnunarinnar. Í fyrstu var því tekið með varúð að leyfa heimsóknir svo ungra útvarphlustenda, en svo kom í ljós að áhugasamari og þrúðari gestir knúðu ekki dyra þar á bæ. Halldór Laxness hafði snemma á rithöfundarferli sínum verið starfsmaður Ríkisútvarpsins. Fagnað þar gestum sem komu til þess að flytja erindi, lesa ljóð og sögur eða syngja og leika á hljóðfæri. Skáldið unga tók við yfirhöfnum af gestum, hengdi hatt á snaga og bar þyrstum svaladrykk í söngsal eða að ræðupúlti. Frá þessum tíma er lag Þórarins Guðmundssonar við ljóð Halldórs: „Vor hinsti dagur er hniginn af himnum í saltan mar“. Þar er sungið um sól-brenndar hæðir sem hnípa. Tregi og söknuður er inntak ljóðs og lags. Um Maistjörnuna gegnir öðru. Þar ríkir vongleðin og vísar veginn til framtíðarlandsins. Þar er Hamingju-draumurinn stjórnskrá mannfélagsins. Þegar leikskólabörn komu í heimsókn í Útvarphúsið var þeim vel fagnað. Í anddyrinu hangir á suðurvegg fagurt og tilkomumikið veggteppi ofið af Ásgerði Ester Búadóttur, eigin konu Björns Th. Björnssonar listfræðings. Teppið sem gjört er af meistarahöndum er saltfiskur, fluttur þorskur, merki það sem fyrr-



Halldór Laxness árið 1936.

um var einskonar skjaldarmerki Íslands. Við kusum að kalla teppið „Saltfiskinn hennar Sölu Völu“, því það var hún, sögupersóna HKL, sem sagði: „Lífið er nú einu sinni saltfiskur“. Ásgerður Ester lét sér það vel líka er henni var sagt frá því. Teppið höfðu starfsmenn Ríkisútvarpsins gefið stofnuninni í tilefni afmælis.

Þegar börnin komu í heimsókn voru flutt fáein kynningarorð í anddyri og þeim greint frá dagskrá sem fyrirhuguð var vegna komu þeirra. Svo sungu þau

Maistjörnuna, lag Jóns Ásgeirssonar við ljóð Halldórs.

Símastúlkur Ríkisútvarpsins, Elínar tvær, Hrefna, Halldóra og Dóra fylgdust með söngnum og stundum komu gestir, sem áttu leið um anddyrið, námu staðar um stund, hlýddu hugfangnir á sönginn. Þetta var þjóðleg hátíðarstund. Nonni litli í Sumarhúsum var kominn til þess að syngja fyrir heiminn og Ásta Sól-lilja systir hans tók undir og jafnvel Gvendur Guðbjarts lagði frá sér amboð litla stund. Hrifningin náði hámarki og varð gagnkvæm þegar börnin fengu að tala og syngja í hljóðnema og hlusta svo á raddir sínar, sem hljómuðu undarlega í eyrum þeirra. Flestir starfsmenn sem höfðu af börnum þessum að segja nutu heimsóknanna, söngsins og einlægninnar. Fór svo fram um hríð. Dag nokkurn kom orðsending frá yfirmönnum. „Héðan í frá verð-

ur ekki sinnt óskum um heimsóknir í Útvarphúsið frá þeim, sem yngri eru en 12 ára. Þeim, sem leiðbeint höfðu börnunum um salarkynni varð hugsað til meistarans sem sagði: „Leyfið börnunum að koma til mín og bannið þeim það ekki, því að slíkra er guðsríkið.“ Hann minnst ekkert á aldurstakmark. Nú var búið að breyta. „Leyfið börnunum að koma til mín, en ekki fyrr en þau eru 12 ára því slíkra er ekki Ríkisútvarpið.“ Haft var eftir Lenin: „Komið með börnin til mín þegar þau eru 5 ára. Áhrifin endast ævilangt.“ Þau gleyma því aldrei.“

En Ríkisútvarpið hirti ekki um að ná beinu sambandi við börnin. Allt kapp var lagt á að æra og særa, eins og sagt er í hrollvekjum. Svímháum fjárhæðum varíð í öskur og skræki allskyns óhljóðasveita. Barsmíðar þeirra og bumbusláttur, drafandi raddir úr djúpi og dreggjum samfélags fengu nær óheftan aðgang að hljóðnemum, sjónvarpsvélum og hljómfutningstækjum.

Skáldið syngur

Á undanförunum árum hefir það stundum komið í minn hlut að afla efnis og sjá um dagskrárþætti 1. maí, á hátíðisdegi verkalyðsins. Árið 1987 hafði talast svo til að ég sæi um þátt helgaðan þessum baráttudegi. Samkvæmt skýringum sem Halldór Laxness hafði birt í kvæðakveri sínu voru 50 ár liðin síðan hann lét æskulyðsblaði í té ljóð sitt um Maistjörnuna. Mér þótti því við hæfi að þess yrði minnst í fyrirhugaðri dagskrá. Leitaði til skáldsins. Var það auðsött og bundið fastmælu að gera ferð í Gljúfrastein til hljóðritunar. Var samið við tæknideild um að hún sendi lipran mann, sem kynni vel til verka. Bíll tæknideildar var bundinn við einhverja áður ráðna hljóðritun. Var því leitað til BSR og ráðinn til ferðar reyndur bifreiðastjóri, þrúðmenni úr sögufrægu héraði, Bjarni Einarsson frá Varmahlíð undir Eyjafjöllum. Tæknimaður Ríkisútvarpsins var Óskar Ingvason, traustur starfsmaður til margra ára. Bíllinn rann í hlað skáldbóndans á þeim tíma, sem um hafði samist. Vegna fjarlægðar frá höfuðstaðnum og óvissu um erindislok var talið ráðlegast að biðja bílstjóran að biða í stað þess að senda hann á brott og þurfa að kalla á annan bíl. Enda vandséð, að það heyrði til kurteis og góðra siða, að gerast langsetumaður að loknu erindi, meðan beðið væri komu annarrar bifreiðar. Húsfrúin, Auður, bauð líka af sinni rausn til kaffidrykkju. Svo var hafist handa um viðtal og frásögn skáldsins um Maistjörnuna.

Er það birt hér eins og það fór fram fyrir 10 árum og með þeim skýringum sem varpa ljósi á sitthvað er gerðist í tengslum við tíma. Afraksturinn af ferð okkar félaga í Gljúfrastein þennan apríldag, 29. dag mánaðarins, var meiri en við höfðum leyft okkur að vona. Halldór söng ljóð sitt og kryddaði frásögn sína með þeim hætti að ógleymanlegt verður. Fréttastofa Ríkisútvarpsins varð svo gagntek-